

Dómur 3. nóvember 2020

Mál nr. **E-4043/2018**:

A

(Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður)

gegn

B hf.

(Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður)

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglna dómstólasýslunnar um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstólanna, nr. 3/2019, er birtur útdráttur dóms í stað dómsúrlausnar.

Stefnandi krafði tryggingafélag um skaðabætur vegna varanlegs miska og varanlegrar örorku, sbr. 4. og 5. gr. laga skaðabótalaga nr. 50/1993, á grundvelli 11. gr. sömu laga.

Stefnandi slasaðist í bifhjólaskyngi í maí 2007. Í sameiginlegri matsgerð sem aðilar öfluðu í júní 2009 er því lýst að stefnandi hafi brotið þrjá hryggjartinda og verið greindur með áfallastreituröskun. Töldu matsmenn varanlegan miska og varanlega örorku hans vegna slyssins vera 8 stig. Stefnandi tók við fullnaðargreiðslu bóta á grundvelli niðurstöðu matsmanna í september 2009 án fyrirvara. Síðar taldi hann að varanlegar afleiðingar slyssins hefðu verið vanmetnar í öndverðu. Í febrúar 2017 aflaði stefnandi matsgerðar tveggja dómkvaddra matsmanna sem komust að þeirri niðurstöðu að heilsufar hans hefði ekki versnað vegna afleiðinga slyssins frá því upphafleg matsgerð var gerð. Var niðurstaða þeirra sú að varanlegur miski og varanleg örorka stefnanda hefðu verið rétt metin í öndverðu.

Yfirmatsmenn, sem dómkvaddir voru að beiðni stefnanda, komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að varanlegur miski hans væri 22 stig og varanleg örorka 40%. Var niðurstaða yfirmatsmanna á því reist að afleiðingar bakáverka stefnanda væru réttilega metnar til 10 stiga miska og afleiðingar slyssins á geðheilsu stefnanda væru rétt metnar til 12 stiga miska. Var niðurstaða yfirmatsgerðar, að því er varðar geðrænar afleiðingar slyssins, á því reist að stefnandi hefði hlotið vægan, lokaðan heilaáverka, sem ásamt áfallastreituröskun hefði leitt til þess að stefnandi þjáðist nú af meira þunglyndi og kvíða en fyrirséð hefði verið þegar upphaflega matið var gert. Leiddu þessar afleiðingar til þess að mati yfirmatsmanna að varanleg örorka stefnanda væri 40%.

Ekki var fallist á málsástæður stefnda sem lutu að því að yfirmatsgerðin væri haldin ágöllum vegna þess að yfirmatsmenn hefðu verið spurðir spurningar sem ekki hafi verið lögð fyrir undirmatmenn, þótt það atriði væri ekki fyllilega í samræmi við ákvæði réttarfarslaga. Þá var því sömuleiðis hafnað að niðurstaða yfirmats um óbreytt tímabil tímabundins tjóns og mat á því hvenær stöðuleika hefði verið náð sé vísbending um innra ósamræmi niðurstöðu yfirmatsmanna.

Niðurstaða dómsins var á því reist að ekki væri unnt að leggja framangreinda niðurstöðu yfirmatsmanna til grundvallar niðurstöðu dóms. Var í fyrsta lagi vísað til niðurstöðu undirmatsgerðar, þar sem ítarlega var gerð grein fyrir því að stefnandi hefði glímt við margvísleg og á köflum alvarleg geðræn einkenni bæði fyrir og eftir slysið. Þá taldi dómurinn að yfirmatsmenn hefðu ekki gert viðhlítandi grein fyrir forsendum þeirrar ályktunar að stefnandi hefði hlotið vægan, lokaðan heilaáverka í slysinu. Vísaði dómurinn til þess að í yfirmatsgerð væri því ekki lýst með skýrum hætti hvaða færnisgerðingu ætlaður áverki hefði valdið stefnanda, heldur látið við það sitja að vísa til algengra einkenna slíks áverka og segja að stefnandi lýsi þeim nær öllum á matsfundi. Þá bentu gögn um atvinnu- og námsferil stefnanda árin eftir slys ekki til þess að borið hefði á slíkum einkennum hjá stefnanda og sumra þessara einkenna alls ekki getið í öðrum gögnum málsins. Þá var talið að niðurstaða yfirmatsgerðar væri ekki studd viðhlítandi læknisfræðilegum gögnum og í því efni skorti m.a. á að í yfirmatsgerðinni væri gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á höfði stefnanda og ekki væri afstaða til þýðingar niðurstöðu taugasálfræðilegs mats sem stefnandi gekkst undir en niðurstaða þess mats var ekki einhlít varðandi ætlaðan heilaáverka. Loks taldi dómurinn það rýra sönnunargildi yfirmatsgerðar að sú atvikalýsing á slysinu sem yfirmatsmenn vísuðu til byggði á frásögn stefnanda sjálfs á matsfundi og hún var ekki að öllu leyti í samræmi við samtímagögn sem aflað var skömmu eftir slys, m.a. lögregluskýrslu af stefnanda og vitnum og ljósmyndum. Var því talið ósannað að stefnandi hafi hlotið umræddan höfuðáverka í slysinu.

Hvað varðar áfallastreituröskun var það álit bæði undir- og yfirmatsmanna að slys stefnanda hafi verið nægilega alvarlegur atburður til að geta orsakað slík einkenni. Dómurinn taldi hins vegar ósannað að afleiðingar þeirra væru meiri en lagt var til grundvallar upphaflegri matsgerð og áreiðanlega ekki ófyrirséðar í ljósi þess að það lá fyrir við upphaflegt mat á afleiðingum slyssins að stefnandi glímdi við slíka röskun.

Var hið stefnda tryggingafélag sýknað, málskostnaður milli aðila felldur niður og gjafsóknarkostnaður stefnanda greiddur úr ríkissjóði.